


Alþingi  
Erindi nr. P 140/73  
komudagur 10.11.2011

## Atvinnuveganefnd Alþingis



Landssamtök hjólríðamanna  
www.LHM.is

Reykjavík, 6. nóvember 2011

### Umsögn Landssamtaka hjólríðamanna við tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi, þingskjal 7, 7. mál á 140. löggjafarþingi.

Landssamtök hjólríðamanna (hér eftir LHM) eru hagsmunasamtök hjólríðamanna. Markmið samtakanna eru m.a. að efla hjólríðar á Íslandi sem heilsusamlegan lífsmáta og sem samgöngutæki. Öll stærstu hjólríðafélög landsins eiga aðild að LHM. Samtökin eru þó ekki aðeins málsvari félagsmanna hinna ýmsu hjólríðafélaga sem telja um 2000 manns heldur eru þau jafnframt málsvari alls hjólríðafólks á Íslandi. LHM er aðildarfélag að European Cyclists' Federation, sem eru heildarsamtök fyrir hjólríðafélög til samgangna og ferðalaga í Evrópu. Aðildarfélag ECF er að finna í flestöllum löndum Evrópu.

LHM leggja hér með fram athugasemdir sínar við þingsályktunina en eru jafnframt tilbúin að mæta fyrir atvinnuveganefnd og svara spurningum ef eftir því er leitað.

#### Það sem vel er gert:

- LHM fagna sérstaklega aðgerðatillögu 45 um afnám tolla á reiðhjól og tengdar vörur. Óskiljanleg og órókrétt mismun hjólríða gagnvart mun orkufrekari bifreiðum hefur grafið undan trúverðugleika stjórnvalda í grænum eignum og því er þetta afar þarft skref.
- Hið sama á við um tillögu 46, en sérstök skattahlunnindi til eiganda bifreiða, umfram aðra hópa, er torskiljanleg.
- Þá vilja samtökin einnig lýsa yfir ánægju með tillögu 47 um fræðsluáttak, en slík greining er ein helsta ástæðan fyrir því af hverju hjólríðar eru framúrskarandi kostur fyrir flesta landsmenn og munu færa stjórnvöldum umtalsverðan ávinning eða sparnað svo sem í vegagerð og í heilbrigðis- og umhverfismálum. Rétt er að minna á, við gerð slíkrar greiningar, að taka inn í reikninga kostnað við gerð en ekki síður vegna landrýmis undir bílastæði, slys, slit á vegum og mengun og óþrifnað vegna bifreiða og þá sérstaklega þunga bifreiða og bifreiða á nagladekkjum (reiðhjól rífa ekki upp malbik).
- Varðandi tillögu 43 fagna Landssamtökin því að fé verði ráðstafað til að efla hjólríðar, en svo að enginn vafi leiki á, þá eiga orkuskipti sér stað þegar landsmenn leggja bílum sínum og hefja hjólríðar. Eldsneytið er að grunni til lífrænt, að stórum hluta innlent og ofgnótt til staðar ef marka má fregnir um að Íslendingar beri meira af spiki utan á sér en aðrar þjóðir að Bandaríkjamönnum undanskildum.

#### Tillögur til aðgerða:

- Varið verði meira fé til gerðar hjólreiðamannvirkja sem og í að koma upp og viðhalda þekkingu á hjólreiðum og hvers þær þarfnast. Of miklum peningum hefur verið sóað í vöndar en velmeinandi lausnir fyrir hjólreiðafólk, af hálfu þeirra sem hjóla lítið eða ekki, t.d. með þeim árangri að hjólreiðamenn sniðganga sumar „lausnirnar“. Á þetta jafnt við um framkvæmdir á vegum ríkis sem og sveitarfélaga.
- Opinberar stofnanir og fyrirtæki skulu koma fyrir aðstöðu til að geyma reiðhjól starfsmanna á sómasamlegan hátt og koma fyrir sturtu- og búningsaðstöðu fyrir starfsmenn sem kjósa að hjóla, hlaupa, ganga eða nota annan virkan fararmáta á leið í, úr eða innan vinnu.
- Stjórnvöld setji sér markmið varðandi hlutfall hjólandi í umferðinni.
- Við tillögu 26 bætist: Aukin áhersla í öðkunnslu verði á samspil og tillitssemi ökumanna bifreiða við virka samgöngumáta svo sem hjólandi og gangandi vegfarendur. Til þess að fá fleiri til þess að ferðast á hjóli eða fæti þurfa viðkomandi að upplifa sig örugga og velkomna í umferðinni.
- Vegna tillögu 30 þarf að tryggja að reiðhjól og reiðhjólategdir hlutir fari í neðra virðisaukaskattsþrep, enda er hjólum ætlað að leysa af hólmi "brúnni" ökutæki.

Virðingarfyllst,

fyrir hönd Landssamtaka hjólreiðamanna



Haukur Eggertsson  
formaður laganeftdar